



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á ráðstefnunni  
„Far for livet“**

**Kaupmannahöfn  
16. mars 2022**

Kæru ráðstefnugestir.

Ég fagna því að fá þetta tækifæri til að ávarpa ykkur. Málefnið er mikilvægt, ráðstefnan verður örugglega árangursrík. Ég er búinn að vera forseti í nær sex ár en vann þar á undan lengi í fræðaheiminum. Ég sakna ráðstefna – ekki kannski alveg allra fyrirlestranna en það var svo gaman að hitta fólk sem hafði ástríðu fyrir því sama og maður sjálfur. Ég flýti mér þó að bæta við að það gerist líka reglulega núna, á mínum núverandi vettvangi.

En ráðstefnustússið gat auðvitað þýtt að maður var fjarri börnunum, til dæmis um helgi þegar það hefði verið svo gaman að fara í sund eða lautarferð. En á móti kemur að ég bý í landi þar sem feður hafa ríkan rétt til að vera með börnum sínum á fyrstu árum ævi þeirra. Ég ætla ekki að nota þessi örfáu orð til að lýsa því kerfi í smáatriðum. Þið getið bara gúgglað ártöl og tölfræði, eins og maður sagði við nemendurnar í háskólanum „í gamla daga“.

En hitt vil ég frekar undirstrika, sem kemur kannski ekki eins vel fram í slíkum upplýsingum, hversu mikilvægt það var fyrir mig sem föður að geta tekið virkan þátt í uppeldi barnanna, og vonandi fyrir þau líka.

Ég vil líka undirstrika hversu mikilvægt þetta er fyrir samfélagið í heild sinni. Ísland hefur náð langt í leiðinni að fullu kynjajafnrétti. Áfram er verk að vinna en ég er sannfærður um að jafn réttur til foreldraorlofs ræður miklu um góðan árangur okkar síðustu ár og áratugi. Í öflugum jafnréttissamfélagi hvílir ábyrgð á uppeldi jafnt á herðum foreldra og forráðamanna, óháð kyni. Og við munum öll græða á því fyrirkomulagi,

hvernig sem á málin er litið. Börnin munu njóta þess og það er löngu sannað að því meir sem jafnrétti kynjanna er, því meiri er velferð og vellíðan, friðsæld og hagvöxtur – og hann skiptir jú líka máli.

Ég er ekki vanur að ræða mikið um börnin mín á opinberum vettvangi en leyfi mér að nefna hér að þegar þið hlýðið á þetta ávarp hefur mér vonandi tekist að haga dagskrá minni þannig hér á Íslandi að ég nái að skutla einu barninu á íþróttæfingu, fara með kisu til dýralæknis með öðru þeirra og ná svo tónleikum með því þriðja. Á sama tíma er Eliza kona mín og móðir barnanna úti í Washington, hittir þar forsetafrú Bandaríkjanna á viðburði og ræðir meðal annars árangur Íslands á sviði kynjajafnréttis.

Það er að sjálfsögðu líka í mínum verkahring að kynna stöðu Íslands á þessum vettvangi – það er einmitt það sem ég geri núna með þessari kveðju. Og þær stundir koma því miður líka að vinnan verður að ganga fyrir og fjölskyldulíf að sitja á hakanum. Í þessu samfélagi sem við höfum skapað er þetta eilíft þúsluspil, málamiðlanir og reddingar þar sem það þarf að veга og meta hvað skiptir máli til lengri tíma litið. Þá er gott að muna að maður er bara akademíker eða eitthvað annað, til dæmis forseti, í tiltekinn tíma, en *far for livet*.

Takk fyrir.